

Mánudaginn 3. maí.

Nr. 21/1919.

**H.f. Kveldúlfur og Geir Sigurðsson**  
 gegn  
**Asgeiri Pjeturssyni og Sören Goos**

um upphæð björgunarlauna.

Dómur sjórjettar Akureyrar 11. nóvember 1918: Löghalds.jörð sú, er fram fór á Siglufirði á skipianu Akureyrin og farmi þess á sem löglega gjörð og löglega rekin órösknuð að standa.

Stefndur Ásgeir kaupmaður Pjetursson á Akureyri og Sören Goos kaupmaður á Siglufirði, sem eigendur nefnds skips og farms og fyrir hönd vátryggenda skips og farms greiði stefnanda Júl. Havsteen á Akureyri fyrir hönd hlutafjelagsins Kveldúlfur í Reykjavík og Geirs Sigurðssonar skipstjóra í Reykjavík 9800 — níu þúsund og átta hundruð — krónur, með 6% ársvöxtum frá 13. sept. 1917 til þess greitt verður og málskostnað með 400 kr.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

### **Dómur hæstarjettar.**

Fyrir hæstarjetti er að eins spurningin um hvort björgunarlaunin verði metin hærri en gjört er í hinum áfrýjaða dómi, sem eigi hefir verið gagnáfrýjað.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greindar eru í dómi sjórjettarins, er fallist verður á í öllum aðalatriðum, þykir ekki ástæða til að taka til greina kröfu áfrýenda um hækkun björgunarlauna frá því, er þau eru ákveðin í dómnum, og ber því að staðfesta hann.

Í málskostnað fyrir hæstarjetti greiði áfrýendur hinum stefndu kr. 75.00.

Það er aðfinsluvert, að málfutningsmaður stefndu fyrir yfirdómi og hæstarjetti hefir haft 8½ mánaðarfrest í málinu, án þess sjeð verði að nokk-

ur þörf hafi verið fyrir slíkan frest. Ennfremur athugast, að ritlaun fyrir sjódomsgjörðirnar eru rituð á gjörðirnar eingöngu með tölustöfum, en eigi jafnframt með bókstöfum eins og vera ber, og að ritlaunin eru talin 87 kr. 50 aur. í staðinn fyrir 57 kr. 50 aur., sem er hið rjetta, og loks að dómsgjörðirnar eru stimplaðar með 1 kr. stimpilmerki í stað 2 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjendur, h.f. Kveldúlfur og Geir Sigurðsson, greiði, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, stefndu, Ásgeiri Pjeturssyni og Sören Goos, málskostnað fyrir hæstarjetti með kr. 75,00.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms eru svo:

Mál þetta hefir málaflutningsmaður Julius Havsteen á Akureyri í umboði hlutafjelagsins „Kveldúlfur“ í Reykjavík sem útgerðarfelags skipsins „Nora“ og í umboði skipstjóra þessa skips, Geirs Sigurðssonar í Reykjavík, höfðað fyrir sjórjetti Akureyrarkaupstaðar með stefnu dags. 7. okt. f. á. gegn Ásgeiri kaupmanni Pjeturssyni á Akureyri sem eiganda skipsins „Akureyrin“ og Sören Goos kaupmanni á Siglufirði sem eiganda farms nefnds skips og gegn þessum mönnum sem umboðsmönnum vátryggenda nefnds skips og farms þess, til þess að fá sjer dæmd laun fyrir að bjarga nefndu skipi og farmi þess úr sjávarháska. — Hefir stefnandi gert þær dómkröfur í málinu, að kyrsetning, er hann ljét gera á Siglufirði þ. 19. sept. 1917 á nefndu skipi og farmi þess verði staðfest sem löglega gerð og rekin, og að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða sjer björgunarlaun, að upphæð kr. 46,666,67 með 6% vöxtum frá 13. sept. 1917 til þess greitt verður, og málskostnað að skaðlausu eða eftir rjettarins mati.

Hinir stefndu hafa hinsvegar krafist þess principaliter, að

málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að þeir verði ekki dæmdir til að greiða meira en 200 krónur, í hæsta lagi alt að 5000 krónur, og að þeim verði dæmdur málskostnaður, eða að málskostnaður verði látinn falla niður.

Kröfu sína um frávísun málsins byggja hinir stefndu á því, að málið heyri ekki undir sjóddóm. En þetta getur ekki álitist rjett. — Málið er höfðað til þess að fá ákveðin laun handa skipi fyrir hjálp, er það veitti öðru skipi til að komast úr sjávarháaska og flytja það til hafnar og heyra slík einkamál undir sjóddóm samkæmt 1. gr. í lögum nr. 64, 22. nóv. 1913. Frávísunarkrafa stefndu verður því ekki tekin til greina.

Að því er snertir aðalefni málsins, eru málavextir þeir, er hjer skal greina.

Þann 13. sept. f. á. var seglskipið „Akureyrin“, eign Ásgeirs kaupmanns Þjeturssonar á Akureyri, statt við Siglunes á leið frá Hjalteyri með sildarfarm, 3785 tunnur, til kaupmanns Sören Goos Siglufirði og bar þá straumur í hægum vindi eða nálega logni skipið á sker í rifgarði þeim, er liggur fram af Siglunesi fyrir utan Siglufjörð. — Skipið tók niðri á grunninum, og hjó nokkrum sinnum, en alda var lítil. Gufuskipið „Nóra“ frá Reykjavík kom þá þar að af fiskveiðum í hafi og ætlaði með afla sinn inn á Siglufjörð. — Skipstjórinn á „Akureyrinni“ dró þá fána í hálfu stöng og kallaði með því neyðarmerki „Nóru“ til sín og beiddist hjálpar hennar.

Skipstjórinn á „Nóru“ samþykkti að veita hjálpina, og fór skipstjórinn á „Akureyrinni“ á báti sínum að hlið „Nóru“, og spurði hve mikla borgun hann vildi fá fyrir aðstoð sína, og svaraði skipstjórinn á „Nóru“ því svo, að það skyldi metið af sjórjettinum og samþykkti skipstjóri „Akureyrinnar“ það. Skipstjóri „Akureyrinnar“ flutti með sjer brúkaða varptrossu að gildleika  $4\frac{1}{2}$  þunlunga úr skipi sínu, er fest var um borð í „Nóru“, og dró „Nóra“ síðan „Akureyrina“ út af boðanum með vjelafli sínu. Hefir skipshöfn „Nóra“ sagt svo frá í sjóferðaskýrslunni, að „Akureyrin“ ekki hafi hreyfst neitt við fyrsta átak, en orðið laus af grunni í annað sinn er afl var sett á vjelina. En skipshöfnin frá „Akureyrinni“ hefir skýrt svo frá, að skipið hafi farið af grunni við fyrsta átak. Dró „Nóra“ því næst „Akureyrina“ inn á Siglufjarðarhöfn, og var þar lagst fyrir akkerum. Farmur „Akureyrinnar“ var óskemdur og er það ekki upplýst, að skipið hafi

skemst annað en það, að ætla má að strákjölurinn eða nokkur hluti hans hafi brotnað.

Samkvæmt sjóferðaskýrslunum kom „Nóra“ að Siglunesi kl. 10<sup>1</sup>/<sub>2</sub> f. h. og skipin lögðust á Siglufjarðarhöfn kl. 12<sup>1</sup>/<sub>2</sub> e. h. sama dag.

Eftir að komið var inn á Siglufjörð krafðist skipstjóri „Nóru“ virðingar á „Akureyrinni“ með farmi og var skipið af dómkvöddum mönnum virt 90000 kr. en farmurinn 50000 kr.

Er nú enn ekki náðist samkomulag milli málsaðilja um upphæð björgunarlaunanna, ljet skipstjóri „Nóru“ leggja lögðald á skip og farm til tryggingar greiðslu bjarglaunanna, og fór sú lögðaldsgjörð fram í fógetarjetti Eyjafjarðarsýslu þ. 19. sept. f. á.

Hefir stefnandi síðan höfðað mál þetta sem áður er sagt, sumpart til þess að fá lögðaldsgjörð þessa staðfesta, og sumpart til þess að fá björgunarlaunin, eða þóknun fyrir aðstoð sína ákveðna.

Það verður að álíta, að stefnandi hafi samkvæmt 234. gr. siglingalaganna átt rjett á því að fá skip og farm „Akureyrinnar“ kyrsett til tryggingar kröfu sinni fyrir að hafa tekið skipið af grunni og flutt það til Siglufjarðar, og þar sem staðfestingarmálið hefir verið löglega rekið, ber að staðfesta lögðaldsgjörðina.

Að því er snertir það atriði, hve mikil björgunarlaunin skuli vera, eða hve mikil þóknun útgerðarfelag og skipshöfn „Nóru“ skuli fá fyrir að taka „Akureyrina“ af grunni og flytja til Siglufjarðar, þá hafa stefndu haldið því fram, að hjer sje ekki um björgun eða bjarglaun í eiginlegum skilningi að ræða, og geti þá sækjandi ekki krafist annars en hæfilegrar þóknunar fyrir töfina og lítilfjörlega kolaeyðslu, enda hafi „Akureyrin“ ekki staðið á grunni, heldur að eins snert grunn vid og við, og hefði því án hjálpar getað komist út af skerinu með akkerum sínum. En að því athuguðu, að „Akureyrin“ snerti grunninn er hjálpin var veitt þannig að ætla má, að hún ekki gæti komist þaðan með seglum sínum, að hún var á hættulegum stað, að útfall var og straumur var á land, og að hjálpin var veitt eftir neyðarbendingum og eftir sögn skipstjórans af því skipið stóð á grunni, verður að álíta að sækendum beri björgunarlaun samkvæmt 10. kapitula siglingalaganna, og ber þá að ákveða björgunarlaunin samkvæmt 230. gr. siglingalaganna. Eins og áður hefir verið sagt, tók björgunin lítinn tíma og hafði lítinn kostnað í för með sjer fyrir bjargendur, var áhættulítill fyrir þá og dráttarreipi látið í tje frá hinu

bjargaða skipi, og með tilliti til þessa þykir rjett að ákveða bjarglaunin 6% af verðmæti skips og farms, eins og hvorttveggja hefir verið, metið af dómkvöddum mönnum, eða samtals fyrir skip og farm 9800 krónur. Ber því að dæma hina stefndu báða fyrir einn og annan fyrir báða til að greiða stefnanda upphæð þessa með 6% vöxtum frá 13. sept. f. á. til þess greitt verður.

Ennfremur ber stefndum að greiða stefnanda málskostnað, þar með talinn kostnað við kyrsetningargjörðina, mat á skipinu o. s. frv. og þykir málskostnaðurinn allur hæfilega ákveðinn 400 kr.

Nr. 23/1919

**Helgi Hafliðason.**

gegn

**Valdimar Thorarensen f. h.**

**F. A. Huth**

um vanefndir sölusamnings.

Dómur gestarjettar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 10. sept. 1918: Stefndur Helgi kaupmaður Hafliðason á Siglufirði greiði stefnandanum mála-færslumanni Valdimar Thorarensen fyrir hönd F. A. Huth í Ham-borg 4941 kr. — fjögur þúsund níu hundruð fjörutíu og eina krónu, — með 6% vöxtum frá 1. okt. 1919 til þess greitt verður, enn-fremur málskostnað með 100 — eitt hundruð, — krónum.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

### **Dómur hæstarjettar.**

Hjer fyrir rjettinum hefur af stefnda hálfu verið lagt fram umboð frá firmanu F. A. Huth í Ham-borg til þessarar málshöfðunar og hefur áfrýjandi fallið frá kröfu sinni um frávísun málsins frá undir-rjetti.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi var áfrýjandi bundinn við sölu þá á fullum 500 tunn-